

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

8. maí 2008

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2008

[Greiðsluuppgjör ríkissjóðs](#) fyrir fyrsta ársfjórðung liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörunu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 37,8 ma.kr. innan ársins, sem er 7,4 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust 9,4 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 7,9 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjórðungur er jákvæður um 35,5 ma.kr., en var neikvæður um 1,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

**Innheimtar tekjur** á fyrstu þremur mánuðum ársins námu 128 ma.kr. sem er 7,2% meira en á sama tíma 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingargjöld rúmum 119 ma.kr. og jukust um 6,7% að nafnvirði milli ára eða 2,4% umfram verðbólgu. Aðrar rekstrartekjur námu rúmum 7 ma.kr. og jukust um 10,5% en þær samanstanda einkum af vaxtatekjum og sölutekjum af vöru og þjónustu. Loks nam eignasala ríkissjóðs rúmum einum milljarði á greiðslugrunni í mars.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæpum 54 ma.kr. og jukust um 8,7% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 23,1 ma.kr. og jókst um 0,5% að nafnvirði frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 4,8 ma.kr. og minnkaði um 11,5% milli ára. Skattur af fjármagnstekjum nam 25,8 ma.kr. en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Innheimtur fjármagnstekjuskattur á tímabilinu jókst um 22,9% milli ára. Eignarskattar drógust saman um 16% frá fyrra ári og sjást þar merki samdráttar á fasteignaviðskiptum, en stimpilgjöld sem námu 800 m.kr. í mars í fyrra námu aðeins 484 m.kr. í mars síðastliðnum.

Innheimta almennra veltuskatta nam tæpum 51 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðunum ársins sem samsvarar 2,4 ma.kr. aukningu milli ára eða 0,7% hækkun að raunvirði (umfram hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis). Þegar litið er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunhækkun veltuskatta 6,1% á ársgrundvelli. Stærsti hluti veltuskattanna (um 70%) er virðisaukaskattur og skilaði hann 9,3 ma.kr. í mars sem er tæpum milljarði minna að krónutölu en í sama mánuði í fyrra. Talsverð umskipti koma fram í innheimtutölum um virðisaukaskatt sl. tveggja mánaða eftir mikla innheimtu í janúar sl. Aðrir veltuskattar skilðu ríkissjóði 15,5 ma.kr. í tekjur á tímabilinu, rúmum 2 ma.kr. meira en í fyrra, tollar 1,9 ma.kr. og tryggingagjöldin 10,3 ma.kr. Innheimta veltuskatta það sem af er ári er nokkru meiri en reiknað var með í tekjuáætlun ársins en á móti kemur heldur minni innheimta tekjuskatta.

**Greidd gjöld** námu tæpum 94 ma.kr. og jukust um 8 ma.kr. frá fyrra ári, eða 9,3%. Milli ára jukust útgjöld mest til heilbrigðismála, um 1,8 milljarð króna eða 8,3% og til menntamála um 1,3 ma.kr. eða 12,5%. Hlutfallslega er mest hækkun milli ára á liðnum varnarmál, en Ratsjárstofnun kemur sem ný stofnun undir þennan lið nú á þessu ári.

**Lánsfjárfjórðungur** ríkissjóðs er jákvæður um 33,6 ma.kr. eftir fyrsta ársfjórðung, en lánsfjárbörfin var 34,6 ma.kr. fyrir sama tímabil í fyrra. Hreinn lánsfjárfjórðungur nam 35,5 ma.kr. fyrstu þrjá mánuðina, en var neikvæður um 1,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra.


## Áhrif frekari stóriðjuframkvæmda

Margvíslegar stóriðjuframkvæmdir eru til skoðunar á Íslandi sem byggja á samstarfi fjölbýðlegra fyrirtækja og innlendra orkuveita. Í rammagrein 1 í [Þjóðhagsskýrslu fjármálaráðuneytisins](#) er greint frá þeim helstu og mati á líklegum áhrifum þeirra á þjóðarþúskapinn á komandi árum, ef af þeim yrði. Helstu verkefni eru sem hér segir:

- Álver Alcoa á Bakka
- Stækkun álvers Alcan í Straumsvík
- Hreinkísilverksmiðja Becromal á Íslandi í Þorlákshöfn
- Hreinkísilverksmiðja bandarískra aðila í Þorlákshöfn

Hafa ber í huga að um yrði að ræða langan framkvæmdatíma, frá næsta ári til 2015. Á næstu átta árum myndu framkvæmdirnar í heild hafa í för með sér fjárfestingu sem næmi 5 - 6% af landsframleiðslu á ári frá 2009 til 2011 en það hlutfall færi síðan lækkandi fram til ársins 2015 þegar umræddum framkvæmdum myndi ljúka.

Hagvöxtur með og án frekari stóriðjuframkvæmda 2008–2015



Gera má ráð fyrir að árlegur hagvöxtur yrði 1,0 til 1,5 prósent meiri árin 2009 til 2011 en kemur fram í meginspá. Þau ár myndi aukin atvinnuvegafjárfesting drífa hagvöxtinn. Spáð er að framleiðsluslakti myndist í hagkerfinu næstu ár og því ættu framkvæmdirnar að rúmast innan þanþols hagkerfisins.

Á seinni hluta tímabilsins, árin 2012 til 2015, yrði aukning hagvaxtar minni þegar færi saman mikill vöxtur í útflutningi en samdráttur í fjárfestingu eftir að mesti þungi framkvæmdanna er liðinn.

Við lok tímabilsins yrði virði útflutnings iðnvarnings nær tvöfalt meira en það er í dag og þrátt fyrir mikla aukningu í innflutningi væri kominn umtalsverður afgangur á vöruviðskiptum.

Taka ber fram að margir óvissuþættir tengjast því hvort af þessum verkefnum verður og áætluðum kostnaði við þau.

## Vöruviðskiptin í apríl 2008

Innflutningur vöru, fob, var 40,8 ma.kr. í apríl samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þetta er 12% meiri innflutningur en í mars. Útflutningur vöru nam 33,5 ma.kr. sem er eilítið minni útflutningur en í mars þegar útflutningur nam 34,3 ma.kr. Vöruskiptahallinn í apríl nam því 7,2 ma.kr. sem er nokkur aukning frá því í mars þegar hallinn nam 2,8 ma.kr.

Innflutningur hrá- og rekstrarvara eykst nokkuð á milli mánaða sem skýrist af auknum innflutningi á áloxíð til álframleiðslu. Einnig er nokkur aukning í innflutningi á eldsneyti frá því í mars en innflutningur á eldsneyti er jafnan mjög óreglulegur á milli mánaða. Að öðru leyti er lítið um breytingar frá sl. mánuði en helst má nefna að lítillaga dregur úr innflutningi fólksbifreiða á milli mánaða. Innflutningur fjárfestingarvara er enn mikill en töluverð umsvif eru enn í hagkerfinu þótt hægt hafi á útlánunum bankanna. Útflutningur vöru dregst lítillaga saman eins og áður sagði og munar þar helst um að útflutningur áls dregst saman en hann var mjög mikill í sl. mánuði. Útflutningur sjávarafurða er mikill líkt og í fyrri mánuði þar sem veiking krónunnar er mikil bú-bót fyrir sjávarútveginn auk þess sem erlent verð sjávarafurða er gott um þessar mundir.

Gera má ráð fyrir að hallinn dragist saman á næstu mánuðum þegar innflutningur varanlegra og hálf-varanlegra vara dregst saman að magni til samfara hækkandi verði.

## Breytt útgáfuáætlun ritsins Þjóðarþúskapurinn 2008

Á árinu 2008 verður ritið þjóðarþúskapurinn gefið út þrisvar sinnum í stað fjögurra áður. Ritið er gefið út á íslensku og ensku.

Útgáfa endurskoðaðrar þjóðhagsspár fyrir árin 2008–2010 þann 24. júní 2008 fellur niður.

Ný þjóðhagsspá fyrir árin 2008–2013 verður birt 1. október næstkomandi í samræmi við áður tilkynnta útgáfuáætlun.

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,2	6,7
Skattar á tekjur og hagnað	20,2	8,7
Eignarskattar	-10,5	-16,0
Skattar á vöru og þjónustu	18,7	5,0
Tryggingagjöld	11,7	3,8
Tekjur alls	19,6	7,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	21,6	9,1
Heilbrigðismál	12,1	8,3
Alm.tryggj. & velferðarmál	16,8	5,1
Efnahags- og atvinnumál	27,9	2,9
Menntamál	9,2	12,5
Gjöld alls	17,3	9,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars		
Milljónir króna	2007	2008
Handbært fé frá rekstri	30.357	37.763
Hreinn lánsfjárfjórðungur	-1.663	35.457
Afborgun lána	-31.921	-808
Brúttó lánsfjárfjórðungur	-34.574	33.659
Lántökur	43.753	-322
Breyting á handbæru fé	9.180	33.337

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (apríl)	5,3	11,8
Kjarnaverðbólga (apríl)	6,4	10,4
Launavísitala (mars)	9,7	7,8
Heildarvelta (jan.-des. '07)	11,7	7,9
Smásöluvelta (jan.-des. '07)	5,4	8,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (mars)	1,3	0,9